

## **237. fundur stjórnar LSS, haldinn þriðjudaginn 19. febrúar 2015 kl. 09:30 á skrifstofu LSS Brautarholti 30 , 105 Reykjavík.**

Mættir: SBB, FH, IGG, KKG, NP, SLS, PA, BV.

### **1. Fundargerð síðasta fundar.**

sp

### **2. Inntaka nýrra félaga**

Hrafn Jónsson er hættur og sækir um aukaaðild sp.

Vignir Eyþórsson sp.

Magnús Björn Baldursson sp.

### **3. Viðbótarframlag í Starfsmenntunarsjóð 0,10%**

Undir þessum lið sátu fulltrúar LSS í Starfsmenntunarsjóði; Lárus St. Björnsson og Eyþór Rúnar Þórarinnsson.

Umræða um viðbótarfjármunina sem samið var um í síðustu kjarasamningum. Stofnaður verður sérreikningur innan Félagssjóðs sem stjórn LSS hefur yfirlit yfir og setur sér starfframma um notkun, í samræmi við það sem fram kom í kjarasamningsviðræðum og umræðum á þessum fundi.

### **4. Rauði haninn**

Lárus St. Björnsson sat þennan lið sem fararstjóri og gerði grein fyrir stöðunni. Umræður um ferðina, kostnað og þátttökulistann. Það stefnir í að allir sem vilja, komist með.

Ákveðið að gjaldið verði 140.000kr á mann, sem er rétt yfir kostnaðinum eins og staðan á Evrunni er núna. Umræður um greiðslur hlutastarfandi félagsmanna í sjóðinn.

### **5. Ársfundur LSS**

Stefnt á að halda hann 16. apríl í Brautarhotinu.

Fyrir utan hefðbundinn fulltrúaráðsfund þá verða reikningar fyrir 2014 lagðir fram.

Umræður um hvort eigi að leggja fram tillögu um Ársþing á þriggja ára fresti.

### **6. Fagdeild. Sjúkraflutningar**

NP fer yfir stöðuna. Vinna í gangi v. kröfur BiF, NP, SS, ÁH, HH + fulltrúi frá HSU.

Umræður um liti á sjúkrabifreiðum héraendis og erlendis. Rætt um nauðsyn þess að setja heildstæða línu í fatamálum sjúkraflutningam. Ennfremur umræður um bílakostinn í landinu. Send hefur verið beiðni til Danmörku til að fá upplýsingar um P- námið þar.

### **7. Fagdeild Slökkviliðsmanna**

Farin verður hringferð um landið. Formaður LSS, formenn fagdeilda sjúkraflutninga og slökkviliðsmanna og Borgar Valgeirsson. Þeir munu hitta slökkviliðs- og sjúkraflutningamenn 23. mars - 26. mars, kynna LSS og flytja fyrirlestur um krabbamein. Bréf hefur borist frá Umhverfisstofnuninni með beiðni um að LSS skipi í fagrað um brunamál. Ráðið hefur ekki fundað í tvö ár. LSS fær fund með ráðuneytisstjóra á mánudag til að ræða málin. Vinna ráðuneytisins að reglugerð um slökkvilið virðist ganga hægt. Umræður um öryggismál slökkviliðsmanna. Nauðsynlegt að fá hlutlausan úttektaraðila til að taka út öryggismál hjá slökkviliðunum.

Rætt um „Batterburg“ munstur –framleiðendur bjóða upp á græn föt og þetta mynstur.

## 8. Fagdeild Slökkviliðstjóra

Umræður um fækkun slökkviliða. Sameiningar gæfu af sér færri en stærri lið með meiri mátt. Beðið er eftir nýju reglugerðinni um slökkvilið. 12. – 13. mars verðu árlegur fundur slökkviliðsstjóra. Upplýst var að slökkviliðsstjórum hafi borist erindi frá stéttarfélagi stjórnenda, með boði um að koma í það félag?

## 9. Samningar SNS, SNR og LSS

Starfandi er nefnd LSS og SNS um tryggingar og þá beiðni LSS þær verði tengdar við skaðabótalögin. Vinnan er langt komin og verður mögulega klárð tillaga fyrir 1. mars. Ýmsir þýðingamiklir hlutir sem koma þar inn og m.a. tekið tillit til tekna hlutastarfandi manna í þeirra aðalstarfi.

Starfsmatið – vinnan við að setja upplýsingar um þýðingar og fleira fór úrskeiðis, þannig að vinnan hjá starfsfólki starfsmantsskrifstofunnar tefst. Fram eru komnar reglur um hvernig velja eigi menn í viðtöl.

Næstu kjarasamningar – rætt verður við félagsmenn á hringferðinni um áhersluatriði.

Rætt um að LSS gangi eitt til samninga við ríki og sveitarfélög í vor. Viðræður við SNS hefjist samt ekki fyrr en verkefnum samkv. bókunum síðasta samnings er lokið.

Hækkun gæti orðið í 3 ára Isavia samningnum vegna bókunar 1 í samningnum. Þar er getið um hækkun ef samningar sem verða gerðir á almenna markaðinum á næstu mánuðum kveði á um hærri launahækkun.

## 10. Félagsgjöld til LSS

Farið yfir bréf v félagsgjalda af BP. Lögfræðingur BSRB sendi þetta á Brunavarnir Austurlands –v félagsgjalda. Í bréfinu er ábending um að LSS fer með umboð til samninga fyrir starfsheitið „slökkviliðsstjóri“. Krafa um að BA geri upp við LSS.

## 11. Orlofsmál

Stefnt er á að fara til Akureyrar 19. – 22. apríl til að gera ýmsar lagfæringar á orlofsíbúðunum.

LR sem er eigandi Brautarholts 30, hefur boðið LSS að skipta um orlofsíbúð uppi á þriðju hæð. Fara úr 30m<sup>2</sup> studió-íbúð í rúma 40m<sup>2</sup>, tveggja herbergja. Leiga myndi þá hækka úr 70.000kr í 110.000kr. á mánuði. Samþykkt að ganga til samninga við LR um þessi skipti, og veita orlofssjóði heimild til að framkvæma þessa breytingu.

Skipta þarf út blöndunartækjum í Munaðarnesi.

## 12. Þing BSRB

Verður 28. – 30. október, þingfulltrúar ákveðnir síðar.

## 13. Ritnefnd

Einn af þeim sem var kosinn í nefndina gefur ekki kost á sér, lagt er til að BI komi aftur inn. –þ. Félagssjóður var rekinn með halla í fyrra og því nauðsynlegt að draga úr útgjöldum. Ákveðið að ráða ekki GHG sem verkefnastjóra en dreifa því starfi á ritnefnd og skrifstofu.

## 14. Önnur mál:

a) Evrópusambandið í Brussel – uppl.

b) Reykjavíkflugvöllur. Heyrst hefur að Isavia hyggist fækka niður í einn starfsmann á næturvakt? Rætt um að þar sem fugvöllurinn er „Opinn“ á næturnar þá þurfa að vera fleiri menn.

Fundi slitið 12:30